


Bókhald og þjónusta

Bjarkarhlíð

miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

680817-0300



**Ársreikningur
2023**

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar	3-4
Áritun óháðs skoðunarmanns	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Sundurliðanir	9-11

Nafn: Bjarkarhlíð
Kennitala: 680817-0300
Heimilisfang: Bústaðavegi
Sveitarfélag: 108 Reykjavík

SKÝRSLA STJÓRNAR

Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis er samstarfsverkefni dómsmálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvennaathvarfs, Stígamóta og Kvennaráðgjafarinnar og tók til starfa 1. febrúar 2017. Markmið hennar er að veita þverfaglega ráðgjöf og stuðning, ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið. Á árinu störfuðu fjórir ráðgjafar hjá miðstöðinni og fjölgar þeim um einn á milli ára.

Mansalsmál voru fyrirferðarmikill hluti af starfsemi Bjarkarhlíðar 2023 en vinnan byggir á samkomulagi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals. Teymisstjóri hefur verið fulltrúi Bjarkarhlíðar í verkefninu og hlutverk hans er að kalla saman viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur vaknar um slíkt.

Reykjavíkurborg leggur miðstöðinni til húsnæði, Bjarkarhlíð við Bústaðarveg, og veita félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið, ásamt fleirum, fjármagn til reksturs. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu leggur til árlegan rekstrarstuðning og lögregluþjón sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir ráðgjöf til brotaþola í málum sem lúta að réttarvörslukerfinu.

Félagasamtökin Stígamót og Kvennaathvarfið annast ráðgjöf og stuðning fyrir einstaklinga í miðstöðinni og Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin sinna lögfræðiráðgjöf.

Eftir að það kom upp mygla í húsnæði Bjarkarhlíðar þurfti starfsemin að fara á flakk og var í Þingvaði í byrjun árs en flutti svo aftur í Bjarkarhlíð í byrjun apríl 2023 eftir að viðgerðum lauk.

STJÓRNARMENN Í BJARKARHLÍÐ

STJÓRN

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, formaður, Reykjavíkurborg
Drífa Snædal, ritari, Stígamót
Margrét Steinarsdóttir, gjaldkeri, Mannréttindaskrifstofa Íslands
Sigríður Björk Guðjónsdóttir, dómsmálaráðuneytið
Lovísa Lilliendahl, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Linda Dröfn Gunnarsdóttir, Kvennaathvarf
Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Kvennaráðgjöfin
Þóra Jónasdóttir, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

VARAMENN

Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg
Hrafnhildur Sigmarsdóttir, Stígamót
Hjalti Björn Hrafnkelsson, Mannréttindaskrifstofa Íslands
Eygló Harðardóttir, dómsmálaráðuneytið
Ingibjörg Sigríðar Eyþórsdóttir, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Hildur Guðmundsdóttir, Kvennaathvarf
Eva Huld Ívarsdóttir, Kvennaráðgjöfin
Halla Bergþóra Björnsdóttir, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

SKOÐUNARMAÐUR REIKNINGA

Margrét Steinarsdóttir, Mannréttindaskrifstofa Íslands

Á stjórnarfundum Bjarkarhlíðar var samþykkt að leggja niður framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar og vera bara með stjórn í stað stjórnar og framkvæmdastjórnar áður. Á árinu urðu þær breytingar á stjórn að Steinunn Gyðu- Guðjónsdóttir vék úr stjórn sem aðalmaður Stígamóta og í stað hennar kom Drífa Snædal, í stað Karenar Lindar Eiríksdóttur, varamanneskju, tók sæti Hrafnhildur Sigmarsdóttir. Elín Einarsdóttir vék úr stjórn sem aðalmaður fyrir Mannréttindaskrifstofu Íslands og í stað hennar kom Margrét Steinarsdóttir sem hafði verið varamaður og í stað hennar sem varamaður kom Hjalti Björn Hrafnkelsson. Eydís Arna Líndal vék úr stjórn sem varamaður dómsmálaráðuneytis og í hennar stað kom Eygló Harðardóttir. Sigríður Vilhjálmsdóttir vék úr stjórn sem varamaður Kvennaráðgjafarinnar og í stað hennar kom Eva Huld Ívarsdóttir. Heiða Björg Hilmisdóttir vék úr stjórn sem aðalmaður og tók sæti sem varamaður í stað Elínar Oddnýjar Sigurðardóttur sem vék úr stjórn. Ingibjörg Sigríðar Eyþórsdóttir tók sæti sem varamaður fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í stað Ástu Sigurðardóttur.

Stjórn Bjarkarhlíðar staðfestir ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík

Skoðunarmaður reikninga staðfestir ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bjarkarhlíð vegna ársins 2023.


Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sundurliðanir og sjóðstreymi. Hann er saminn eftir bókhaldi félagsins og upplýsingum frá eigendum þess og er í fullu samræmi við góða reikningsskilavenju og á hann á að gefa rétta mynd af rekstri félagsins og stöðu þess í árslok.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga, með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Framsetning ársreikningsins er með þeim hætti að allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Reykjavík

8.4.2024



Þórunn Magnea Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2023	2022
REKSTRARREIKNINGUR:			
Styrkir og framlög		51.910.114	62.592.898
Rekstrartekjur alls		51.910.114	62.592.898
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld		49.109.755	45.926.734
Annar starfsmannakostnaður		4.316.292	2.129.476
Aðkeypt þjónusta		1.005.831	2.110.557
Annar rekstrarkostnaður		12.251.812	9.039.726
Rekstrargjöld alls		66.683.690	59.206.493
Afkoma án fjármagnsliða	(	14.773.576)	3.386.405
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur		396.861	110.897
Vaxtagjöld	(	132.297)	(39.277)
		264.564	71.620
Styrkir umfram gjöld	(	14.509.012)	3.458.025

EFNAHAGSREIKNINGUR

	Skýr.	2023	2022
EIGNIR:			
VELTUFJÁRMUNIR:			
Handbært fé		19.936.297	4.157.741
Veltufjármunir alls		19.936.297	4.157.741
Eignir samtals		19.936.297	4.157.741
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:			
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01.		31.609.837	0
Styrkir umfram gjöld	(	14.509.012)	3.458.025
Eigið fé alls		17.100.825	3.458.025
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Óreiddir reikningar		392.272	105.963
Ógreitt vegna starfsfólks		2.443.200	593.753
Skammtímaskuldir alls		2.835.472	699.716
Skuldir alls		2.835.472	699.716
Skuldir og eigið fé samtals		19.936.297	4.157.741

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri	2023	2022
Styrkir umfram gjöld	<u>(14.509.012)</u>	<u>3.458.025</u>
Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Veltufé frá rekstri	<u>(14.509.012)</u>	<u>3.458.025</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	<u>(9.042)</u>	<u>699.716</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>(14.518.054)</u>	<u>4.157.741</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfestingahreyfingar	<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
Fjármögnunarahreyfingar	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(14.518.054)	4.157.741
Handbært fé í upphafi árs	34.454.351	30.296.610
HANDBÆRT FÉ Í LOK ÁRS	<u>19.936.297</u>	<u>34.454.351</u>

SUNDURLIÐANIR

	2023	2022
STYRKIR OG FRAMLÖG		
Ýmsir styrkir og framlög	579.118	1.171.550
Reykjavíkurborg, húsaleigustyrkur	3.716.000	3.716.000
<i>Ríkissjóður:</i>		
Ríkissjóður	19.766.663	37.430.000
Dómsmálaráðuneyti	300.000	0
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	21.908.333	7.500.000
Forsætisráðuneytið	0	1.000.000
	41.974.996	45.930.000
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	960.000	0
Reykjavíkurborg	0	7.500.000
Kópavogur	500.000	0
Garðabær	400.000	400.000
Hafnarfjörður	0	300.000
VIRK-Starfsendurhæfingarsj.	3.580.000	3.000.000
Fyrirtækjastyrkir	200.000	575.348
Styrkir og framlög alls	51.910.114	62.592.898

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Laun	38.287.511	35.758.997
Samgöngustyrkur	0	10.000
Launatengd gjöld	2.758.764	2.577.241
Lífeyrissjóðsframlag	5.157.642	4.827.476
Sjóðagjöld - mótfamlag	1.117.542	909.887
Tryggingar starfsfólks	38.404	35.333
Árshátið og fl. vegna starfsfólks	320.990	112.328
Annar starfsmannakostnaður	18.902	82.076
Stjórnarlaun	570.000	1.453.396
Mansalsteymi, laun	840.000	160.000
Laun og launatengd gjöld alls	49.109.755	45.926.734

ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR

Aðkeyptur akstur leigubifreiða	37.444	0
Ferðakostnaður	1.973.320	353.308
Hóphandleiðslur	216.000	0
Persónulegar handleiðslur ráðgjafa	612.000	678.723
Dagpeningar	811.148	282.702
Ráðstefnur	589.430	301.393
Gjafir starfsfólks	76.950	513.350
Annar starfsmannakostnaður alls	4.316.292	2.129.476

AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Aðkeypt þjónusta	0	56.900
Ársskýrsla og tölfraði	0	240.000
Handleiðsla	0	140.000
LanguageLine Solutions	32.022	93.048
Samskiptasmiðstöð heyrnalausra	10.134	65.871
Túlkþjónusta	963.675	869.738
Tölfraðiþj. v/ mansalsteymis og stafr.of	0	645.000
Aðkeypt þjónusta alls	1.005.831	2.110.557

SUNDURLIÐANIR

	2023	2022
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:		
<i>Húsnæðiskostnaður:</i>		
Rafmagn	0	104.820
Kalt vatn	0	19.329
Hiti og Rafmagn	484.863	337.812
Öryggisgæsla	308.473	148.181
Húsaleiga	3.716.000	3.716.000
Vátryggingar	10.599	9.721
Viðhald húsnæðis	1.290.576	9.359
Húsgögn og skrifstofubúnaður	0	400.880
Hreinlætis-rekstrarvörur	222.054	317.168
Þrif og sorphirða	1.697.783	1.303.599
	<u>7.730.348</u>	<u>6.366.869</u>
<i>Rekstur áhalda og tækja:</i>		
Gjaldfærð áhöld og tæki	723.074	205.337
Vátryggingar	20.073	18.438
	<u>743.147</u>	<u>223.775</u>
<i>Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða:</i>		
Aðkeyptur akstur sendibifreiða	250.776	0
Viðhald bifreiða	0	3.076
	<u>250.776</u>	<u>3.076</u>
<i>Skrifstofukostnaður:</i>		
Sími. internet	698.048	490.455
Kaffikostnaður	369.500	223.250
Burðargjöld	32.820	7.055
Pappír, prentun og ritföng	370.679	97.296
Blóm, myndir og gjafir	32.854	42.800
Rekstur tölvukerfis	965.197	608.404
	<u>2.469.098</u>	<u>1.469.260</u>
<i>Stjórnun og umsýsla:</i>		
Endurskoðun og reikningsskil	654.617	760.174
Funda- og viðskiptakostnaður	69.730	58.394
Auglýsinga- og markaðskostnaður	124.000	85.696
Þjónustugjöld	156.042	23.008
Starfsábyrgðartrygging	54.054	49.474
	<u>1.058.443</u>	<u>976.746</u>
Annar rekstrarkostnaður alls	<u>12.251.812</u>	<u>9.039.726</u>
VAXTATEKJUR:		
Vaxtatekjur	396.861	110.897
Vaxtatekjur alls	<u>396.861</u>	<u>110.897</u>
VAXTAGJÖLD:		
Vaxtagjöld	(132.297)	(39.277)
Vaxtagjöld alls	<u>(132.297)</u>	<u>(39.277)</u>
HANDBÆRT FÉ:		
Landsbankinn 13108	19.694.691	4.168.673
Fyrirframgr VISA *8676	0	(54.639)
Fyrirframgr VISA *6327	212.891	43.707
Fyrirframgr VISA *4389	28.715	0
Handbært fé alls	<u>19.936.297</u>	<u>4.157.741</u>

SUNDURLIÐANIR

	2023	2022
ÓGREIDDIR REIKNINGAR:		
Lánadrottinnar	392.272	105.963
Ógreiddir reikningar alls	392.272	105.963
ÓGREITT VEGNA STARFSFÓLKS:		
Ógreidd laun	2.807	0
Ógreiddur lífeyrissjóður	866.155 (	63.047)
Ógreiddur lífeyrissjóður - eldra	531.766	531.766
Ógreitt orlof	0 (	130.487)
Ógreidd staðgreiðsla	1.042.472	255.521
Ógreitt vegna starfsfólks alls	2.443.200	593.753